

Summa Rekstrarfélag hf.

Ársreikningur

2019

Summa Rekstrarfélag hf.

Tjarnargötu 4

101 Reykjavík

kt. 640300-2560

Summa Rekstrarfélag hf.

Ársreikningur

2019

Efnisyfirlit

A-hluti

Ársreikningur rekstrarfélagsins

Áritun og skýrsla stjórnar.....	3-4
Áritun óháðs endurskoðanda.....	5-6
Rekstrarreikningur.....	7
Efnahagsreikningur.....	8
Yfirlit um sjóðstreymi.....	9
Skýringar.....	10-16
Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð.....	17-20

B-hluti

Ársreikningur Summa millilöng ríkisskuldabréf

Rekstrarreikningur.....	22
Efnahagsreikningur.....	23
Yfirlit um breytingar á hreinni eign.....	24
Skýringar.....	25-27

Áritun og skýrsla stjórnar

Summa Rekstrarfélag hf. starfar á grundvelli laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011, reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða, reglur nr. 1060/2015 um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingasjóð og reglur nr. 97/2004 um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningi félagsins er skipt upp í A-hluta, sem er ársreikningur rekstrarfélagsins sjálfs og B-hluta, sem er ársreikningur verðbréfasjóðs félagsins. Þessi framsetning er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu. Starfsleyfi Summu Rekstrarfélags hf., sem veitt er af Fjármálaeftirlitinu, tekur til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. og til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu skv. 1.-3. tölul. 27. gr. laga nr 161/2002.

Félagið er nú með einn UCITS sjóð í rekstri og einn fagfjárfestasjóð sem gefur út hlutdeildarskírteini. Félagið stýrir einnig þremur fagfjárfestasjóðum sem reknir eru sem samlagshlutafélög og stofnuð voru vegna tiltekinna fjárfestinga. Verkefni þessara fagfjárfestasjóða eru umsjón með fjárfestingu í kísilveri PCC BakkiSilicon hf. sem er staðsett á Bakka við Húsavík, umsjón með fjárfestingu í fyrirhugaðri sólar kísilverksmiðju og fjárfestingar í innviðum á Íslandi. Þá veitti félagið innlendum aðilum fjárfestingarráðgjöf á árinu. Heildarfjárhæð eigna í stýringu hjá Summu var um 20 ma.kr. í árslok.

Útbreiðsla SARS-CoV-2 veirunnar (COVID-19) er farið að gæta um allan heim og mikil óvissa er fram undan vegna hennar. Þessi óvissa snýr einnig að flestum íslenskum fyrirtækjum og fjárfestum. Stjórnvöld víða hafa sett fram aðgerðir sem miða að því að draga úr þessum áhrifum en allar líkur eru á því að þau verði veruleg. Erfitt er að fullyrða um hver áhrif þeirra verða á Summu Rekstrarfélag hf. en þau gætu orðið neikvæð þegar fram í sækir. Ekki er gert ráð fyrir því að þeirra áhrifa gæti næstu mánuði, en ef verulega neikvæð áhrif koma fram mun verða brugðist við því með viðeigandi hætti.

Ársreikningur Summu Rekstrarfélags hf. árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársverk á árinu 2019 voru 4. Hagnaður Summu Rekstrarfélags hf. árið 2018 nam kr. 5.937.861. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 166.932.410 og eiginfjárhlutfall reiknað skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 37,9%. Í lok árs voru 5 hluthafar í félaginu, Megind ehf. með 99,9% og fjórir eigendur Megindar með samtals 0,1% í jöfnum hlutföllum. Endanlegir eigendur Megindar ehf. eru starfsmenn félagsins.

Núverandi stjórn félagsins var endurkjörin í mars 2019. Á árinu 2019 voru haldnir 9 stjórnarfundir Summu. Allir fundir stjórnarinnar voru ákvörðunarbærir og mættu allir stjórnarmenn á alla fundi. af þremur stjórnarmönnum er ein kona og tveir karlmenn. Stjórn hefur leiðbeiningar um „Stjórnarhætti fyrirtækja“ sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og NASDAQ Iceland til hliðsjónar og er vísað í Stjórnarháttayfirlýsingu Summu Rekstrarfélags hf í því sambandi, sem er að finna í viðauka aftast í ársreikningi þessum.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Summu Rekstrarfélags hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður vegna reikningsársins 2019 að upphæð allt að kr. 10 milljónir. Stjórn og framkvæmdastjóri Summu Rekstrarfélags hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2020

Í stjórn

Birgir Örn Arnarson

Þórunn Þórðardóttir

Tryggvi Björn Davíðsson

Framkvæmdastjóri

Sigurgeir Tryggvason

Undirritunarsíða

Sigurgeir Tryggvason



Undirritað af:
Sigurgeir Tryggvason
2608664359
Dags: 31.03.2020
Tími: 09:07:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3ce0a30c-
dc00-44ba-8bd2-
7db3b0ff247a

Birgir Örn Arnarson



Undirritað af:
Birgir Örn Arnarson
0103715549
Dags: 31.03.2020
Tími: 08:58:23
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3ce0a30c-
dc00-44ba-8bd2-
7db3b0ff247a

Þórunn Helga Þórðardóttir



Undirritað af:
Þórunn Helga
Þórðardóttir
3011842639
Dags: 31.03.2020
Tími: 09:46:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3ce0a30c-
dc00-44ba-8bd2-
7db3b0ff247a

Tryggvi Björn Davíðsson



Undirritað af:
Tryggvi Björn
Davíðsson
1512733199
Dags: 31.03.2020
Tími: 11:09:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3ce0a30c-
dc00-44ba-8bd2-
7db3b0ff247a

Viðauki við skýrslu stjórnar

Endanlegir eigendur Megindar, sem á 99,9% í Summu Rekstrarfélagi hf. eru:

Nafn:	Heimilisfang:	Hluttur:
Haraldur Óskar Haraldsson	Smáraríma 81, 112 Reykjavík	25%
Hrafnkell Kárasón	Klapparási 9, 110 Reykjavík	25%
Ómar Örn Tryggvason	Fjarðarási 24, 110 Reykjavík	25%
Sigurgeir Tryggvason	Þrúðvangi 22, 220 Hafnarfirði	25%

Sömu aðilar eiga einnig 0,1% í Summu Rekstrarfélagi hf. í jöfnum hlutföllum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Summu Rekstrarfélagi hf.

Skýrsla um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Summu Rekstrarfélags hf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti, sem er rekstrarfélagið sjálft og B-hluti, sem inniheldur verðbréfasjóð rekstrarfélagsins. A hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2019, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2019, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar fyrir verðbréfasjóðinn.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og viðbótarkröfur í reglum um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Summu Rekstrarfélagi hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og viðbótarkröfur í reglum um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Summu Rekstrarfélags hf. og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagaslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitung ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 31. mars 2020

Valgerður Kristjánsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Valgerður Kristjánsdóttir



Undirritað af:
Valgerður
Kristjánsdóttir
0301795449
Dags: 31.03.2020
Tími: 12:57:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 172a0488-
8693-48a2-8a96-
06b0a2f7b7e0

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur:			
Umsýslu- og þóknunartekjur		139.892.298	131.312.242
Fjármunatekjur	3	7.089.008	11.223.278
		<hr/>	<hr/>
		146.981.306	142.535.520
Vaxtagjöld		(16.625)	(252.913)
Fjármagnsgjöld	3	(7.383.793)	
		<hr/>	<hr/>
Hreinar rekstrartekjur		139.580.888	142.282.607
		<hr/>	<hr/>
Rekstrargjöld:			
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	106.720.986	111.287.745
Annar reksrarkostnaður		25.302.713	25.185.024
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	5.	134.863	168.579
		<hr/>	<hr/>
Rekstrargjöld:		132.158.562	136.641.348
		<hr/>	<hr/>
Hagnaður fyrir skatta		7.422.326	5.641.259
Tekjuskattur		1.484.465	1.128.252
		<hr/>	<hr/>
Hagnaður ársins		5.937.861	4.513.007
		<hr/>	<hr/>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	539.452	674.315
		<u>539.452</u>	<u>674.315</u>
Veltufjármunir			
Verðbréf með breytilegum tekjum	6	90.989.377	93.260.543
Viðskiptakröfur	7	10.470.825	69.270.272
Aðrar skammtímakröfur	7	3.607.932	3.554.238
Handbært fé	7	61.324.824	3.845.437
		<u>166.392.958</u>	<u>169.930.490</u>
Eignir		<u>166.932.410</u>	<u>170.604.805</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	8	49.537.397	49.537.397
Lögbundinn varasjóður		12.384.349	12.384.349
Gangvirðisreikningur fjáreigna		22.344.525	24.615.691
Óráðstafað eigið fé		72.059.163	73.850.136
		<u>156.325.434</u>	<u>160.387.573</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		769.012	1.038.469
Ógreiddir reiknaðir skattar		1.484.465	1.128.252
Aðrar skammtímaskuldir	9	8.353.499	8.050.493
		<u>10.606.976</u>	<u>10.217.214</u>
		<u>10.606.976</u>	<u>10.217.214</u>
Eigið fé og skuldir		<u>166.932.410</u>	<u>170.604.787</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		5.937.861	4.513.007
Afskriftir	6	134.863	168.579
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		6.072.724	4.681.586
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun)		58.745.753	(52.025.739)
Rekstrartengdar skuldir, lækkun (lækkun)		389.762	262.014
Handbært fé frá rekstri		<u>65.208.239</u>	<u>(47.082.139)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingarhreyfingar		2.271.166	(8.343.970)
		<u>2.271.166</u>	<u>(8.343.970)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
(Lækkun) hækkun skuldbindingar		0	(2.703.000)
Greiddur arður		(10.000.000)	(70.000.000)
		<u>(10.000.000)</u>	<u>(72.703.000)</u>
Hækkun handbærs fjár		57.479.405	(128.129.109)
Handbært fé í ársbyrjun		3.845.419	131.974.528
Handbært fé í árslok		<u>61.324.824</u>	<u>3.845.419</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Summa Rekstrarfélag hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011.

Summa Rekstrarfélag hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Félagið er með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. 27. gr. laga nr. 161/2002, sbr. B-lið II. kafla laga nr. 128/2011.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A hluta sem inniheldur ársreikning Summu Rekstrarfélags hf. og B- hluta sem inniheldur ársreikning verðbréfasjóðs.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Summu Rekstrarfélags hf. A-hluti er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsvirði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skuld sem ekki liggja fyrir með öðrum hætti. Raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur reynst annað en niðurstaða samkvæmt mati stjórnenda.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Umsýsluþóknunir

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið og reikningur hefur verið gefinn út. Félagið fær umsýsluþóknun fyrir daglegan rekstur verðbréfasjóðs og fagfjárfestasjóðs ásamt þóknun vegna þjónustu við samlagshlutafélög sem stofnuð hafa verið vegna framtaksfjárfestinga. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs, fjárfestingarlofordum eða er föst upphæð eftir atvikum. Umsýsluþóknun sjóða innifelur meðal annars laun starfsmanna og umsýslu.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Vaxtakostnaður

Allur vaxtakostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður. Útreikningur tekjuskatts byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Verðbréf

Verðbréf í eigu félagsins eru fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstur við upphaflega skráningu. Verðbréf eru færð á markaðsvirði í lok árs og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum bundnum til skemmri tíma en þriggja mánaða.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið hefur skuldbindingu, lagalega eða ætlaða, vegna atburða í fortíð, líklegt er talið að þörf verði á ústreymi fjármuna félagsins til þess að hægt sé að gera upp skuldbindinguna og hægt er að meta fjárhæð skuldbindingarinnar á áreiðanlegan hátt. Kostnaður vegna skuldbindinga er færður í rekstrarreikning.

3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2019	2018
Verðbreyting verðbréfaeignar	5.112.627	8.343.970
Vaxtatekjur af bundnum innlánnum	1.213.013	1.005.560
Vaxtatekjur vegna viðskiptamanna	11.076	2.404
Vaxtatekjur af óbundnum innlánnum	752.292	1.570.879
Aðrar tekjur		300.465
	<u>7.089.008</u>	<u>11.223.278</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:	2019	2018
Verðbreyting verðbréfaeignar	<u>(7.383.793)</u>	
	<u>(7.383.793)</u>	

Skýringar

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2019	2018
Laun	80.184.000	82.681.000
Aðkeypt stjórnarsetja		1.600.000
Lífeyrissjóður	12.840.360	13.373.240
Önnur launatengd gjöld	13.010.809	12.928.170
Annar starfsmannakostnaður	685.817	705.335
	106.720.986	111.287.745

Stöðugildi að meðaltali 4,00 4,58

Launakjör til stjórnenda Summu Rekstrarfélags hf. sundurliðast þannig:

Framkvæmdastjóri:

	2019	2018
Sigurgeir Tryggvason	18.189.780	18.086.000
	18.189.780	18.086.000

Stjórn Summu Rekstrarfélags:

	2019	2018
Þórunn Helga Þórðardóttir	2.400.000	2.000.000
Guðmundur Þ. Guðmundsson		750.000
Birgir Örn Arnarson	3.000.000	2.250.000
Tryggvi Björn Davíðsson	2.400.000	1.600.000
Snæbjörn Sigurðsson		75.000
	7.800.000	6.675.000

Skýringar

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	2019	2018
	Áhöld, tæki og innréttingar	Áhöld, tæki og innréttingar
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun.....	2.904.493	2.904.493
Eignfært á árinu.....	0	0
Staða í árslok.....	2.904.493	2.904.493
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun.....	2.230.178	2.061.599
Afskriftir	134.863	168.579
Staða í árslok.....	2.365.041	2.230.178
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun.....	674.315	842.894
Bókfært verð í árslok.....	539.452	674.315
Afskriftarhlutföll.....	20%	20%

6. Verðbréf

Verðbréf með breytilegum tekjum eru óskráð og greinast þannig:	31.12.2019	31.12.2018
Hlutdeildarskírteini útfefinf af sjóðum reknum af Summu Rekstrarfélagi.....	90.989.377	93.260.543
	90.989.377	93.260.543

Skýringar

7. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Aðrar skammtímakröfur	3.607.932	3.554.238
Viðskiptakröfur	10.470.825	69.270.272
	<u>14.078.757</u>	<u>72.824.510</u>

Handbært fé

	31.12.2019	31.12.2018
Óbundnar bankainnstæður í íslensku krónum	61.324.824	3.845.437
	<u>61.324.824</u>	<u>3.845.437</u>

8. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	49.537.397	100%	49.537.397
	<u>49.537.397</u>	<u>100%</u>	<u>49.537.397</u>

Útgefnir hlutir í árslok eru alls 49.537.397 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Gangvirðis-reikningur fjáreigna	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	49.537.397	12.384.349	16.271.721	147.681.099	225.874.566
Arður úthlutaður				(70.000.000)	(70.000.000)
Hagnaður ársins				4.513.007	4.513.007
Breyting á gangvirði fjáreigna			8.343.970	(8.343.970)	
Tillag í lögbundinn varasjóð					
Eigið fé 1.1.2019	<u>49.537.397</u>	<u>12.384.349</u>	<u>24.615.691</u>	<u>73.850.136</u>	<u>160.387.573</u>
Arður úthlutaður				(10.000.000)	(10.000.000)
Hagnaður ársins				5.937.861	5.937.861
Breyting á gangvirði fjáreigna			(2.271.166)	2.271.166	
Eigið fé 31.12.2019	<u>49.537.397</u>	<u>12.384.349</u>	<u>22.344.525</u>	<u>72.059.163</u>	<u>156.325.434</u>

Summa Rekstrarfélag hf. notar staðalaðferð (e.standardized approach) til að reikna eiginfjárförf sína vegna útlánaáhættu. Eigið fé í lok árs er 156,3 milljónir eða 94% af niðurstöðu efnahagsreikningsins. Eiginfjárhlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er 37,9%, en lágmarks eiginfjárhlutfall er 8% skv. lögum.

Skýringar

Samkvæmt 84. grein laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs. Miðað við þá eiginfjárkröfu er eiginfjárlutfallið 37,9%.

Hlutfallið sundurliðast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Eiginfjárgrunnur	156.325.434	160.387.573
Heildar eiginfjárfæra greinist þannig:		
Útlánaáhætta	1.464.375	6.765.528
Markaðsáhætta	0	0
Rekstraráhætta	0	0
Eiginfjárfæra samtals	1.464.375	6.765.528
Eiginfjárfæra miðað við fastan rekstrarkostnað	33.039.641	34.160.337
Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall	37,9%	37,6%

9. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Innlendar viðskiptaskuldir	769.012	1.032.223
	769.012	1.032.223

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreidd laun og launatengd gjöld	8.353.499	8.050.493
	8.353.499	8.050.493

Skýringar

10. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2019:	Kaup af tengdum aðilum	Sala til tengdra aðila	Kröfur og innlán	Skuldir
Tengdir aðilar	0	118.022.698	2.884.207	0
Viðskipti við tengd félög árið 2018:	Kaup af tengdum aðilum	Sala til tengdra aðila	Kröfur og innlán	Skuldir
Tengdir aðilar	0	72.748.366	149.320.843	0

11. Skuldbinding vegna húsaleigu

Summa Rekstarfélag hf. er með húsaleigusamning vegna starfsstöðvar félagsins að Tjarnargötu 4. Samningurinn er bundinn vísitölu neysluverðs, er ótímabundinn og framlengist í eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp með með 6 mánaða fyrirvara. Hámarksskuldbinding Summu Rekstrarfélags hf. vegna samningsins er því um 5 mkr.

12. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 31. mars 2020.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Samþykkt af:	Stjórn Summu Rekstrarfélags hf.
Samþykkt:	31. mars 2020
Útgáfa:	6. útgáfa

Tilgangur

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Summu Rekstrarfélags hf. er félagið að fylgja leiðbeiningum um „stjórnarhætti fyrirtækja“ sem gefnar voru út í maí 2015 af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og NASDAQ Iceland. Leiðbeiningarnar fjalla um innleiðingu á ákveðnum vinnureglum umfram það sem kveðið er á um í lögum. Þeim er meðal annar ætlað að styrkja innviði fyrirtækja og auka gagnsæi. Stjórnin styðst við leiðbeiningarnar en fylgni við þær tekur að einhverju leyti tillit til stærðar Summu Rekstrarfélags hf.

Stjórnarháttayfirlýsing Summu Rekstrarfélags hf. er aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.summa.is.

Lög og reglur

Summa Rekstrarfélag hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og lögum um verðbréfasjóði nr. 128/211. Félagið er hlutafélag og um starfsemi þess gilda lög um hlutafélög nr. 2/1995. Félagið sætir eftirliti skv. lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfssemi nr. 87/1998. Um starfsemi félagsins gilda jafnframt leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, samþykktir félagsins og innri reglur þess.

Frá skipan núverandi stjórnar hefur félagið fylgt eftir lögum, samþykktum, reglum, tilmælum ásamt þeim starfsreglum sem stjórn hefur sett og hefur í þeim efnunum m.a. verið stuðst við framangreinda stjórnarhætti. Innri reglur félagsins hafa verið endurskoðaðar af stjórn til að endurspeglu núverandi starfsemi félagsins og breytt starfsumhverfi.

Summa Rekstrarfélag hf. fer eftir framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti að frátöldum eftirfarandi þáttum:

- Ekki hafa verið sett skriflega sérstök viðmið um siðferði og stefnu um samfélagslega ábyrgð, en þó eru ítarlegar reglur í starfsreglum stjórnar og innri reglum um óhæði stjórnarmanna og hagsmunaárekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga, trúnað við félagið og eftirfylgni við lög;
- Ekki hafa verið settar á fót undirnefndir stjórnar, s.s. starfskjaranefnd, tilnefningarnefnd eða aðrar nefndir og upplýsingagjöf á heimasíðu er einfaldari en hjá stærri fyrirtækjum.

Starfsemi félagsins

Summa Rekstrarfélag hf. sérhæfir sig á sviði eignastýringar fyrir fagfjárfesta og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingasjóða með áherslu á sérhæfðar fjárfestinga (e. *alternative investments*). Hlutverk Summu Rekstrarfélags hf. er að stýra eignum á faglegan hátt þar sem hagsmunir viðskiptavina eru ávallt í fyrirrúmi. Ytri endurskoðun var framkvæmd af Ernst & Young ehf.

Félagið var stofnað árið 2000 og nefndist áður Rekstrarfélag Byrs hf. Starfsmenn félagsins voru 4 í árslok 2019.

Hluthafar og óhæði

Í lok árs 2019 voru eigendur Summu Rekstrarfélags hf. Megind, sem er í eigu starfsmanna félagsins, með 99,9% hlut og eigendur Megindar með 0,1% hlut samtals. Haraldur Óskar Haraldsson, Hrafnkell Kárason, Ómar Örn Tryggvason og Sigurgeir Tryggvason starfsmenn félagsins eiga allir 25% virkan eignarhlut. Allir stjórnarmenn eru óháðir hluthöfum og starfsmönnum Summu Rekstrarfélags og þeir eiga enga hluti í félaginu og vinna ekki önnur störf fyrir félagið. Engir kaupréttir eða sambærilegir samningar eru í gildi vegna hluta í Summu Rekstrarfélagi.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Innra eftirlit og útvistun

Útvistunarsamningur eru gerðir í samræmi við viðeigandi tilmæli og reglur Fjármálaeftirlitsins. Innan félagsins er starfar yfirmaður áhættustýringar sem sinnir áhættustýringu, ýmsu innra eftirliti, skýrslugjöf of fleiru í samræmi við áhættustefnu félagsins og aðrar viðeigandi reglur.

Vegna stærðar félagsins hafa verið gerðir samningar um útvistun á vissum þáttum og eru þeir gerðir í samræmi við viðeigandi tilmæli og reglur Fjármálaeftirlitsins. Samningarnir eru jafnframt bornir undir Fjármálaeftirlitið í þeim tilvikum sem slíkt er skylt. Nánar tiltekið er regluvörslu útvistað til Lögmannna Lækjargötu og innri endurskoðun er útvistað til KPMG samanber heimild í 16. grein laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Vörslufyrirtækið T-plús annast bókhald sjóðsdeilda, útreikning á innlausnarvirði og viðheldur skrár yfir eigendur hlutdeildarskrteina. T-plús tekur jafnframt að sér vörslu eigna sjóða í rekstri hjá Summu Rekstrarfélagi hf. í samræmi við skyldur vörslufyrirtækja samkvæmt c-lið II. kafla laga nr. 128/2011.

Þrátt fyrir útvistun helst ábyrgð á framkvæmd þessara þátta óskoruð hjá félaginu. Það er mat stjórnar og stjórnenda að þetta fyrirkomulag sé félaginu hagfellt m.t.t. stærðar þess og reynslu og sérhæfingar þeirra sem útvistað er til.

Gildi félagsins, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Áherslur Summu Rekstrarfélags hf. eru að bjóða virðisaukandi, hugkvæma, agaða og trausta þjónustu til handa viðskiptavinum félagsins.

Þá leggur Summa mikla áherslu á áhættustýringu; fyrir félagið sjálft, fyrir eignasöfn sem það stýrir svo og fyrir viðskiptavinum sína.

Félagið leggur mikla áherslu á virkt innra eftirlit og ábyrga áhættustýringu. Markmiðið er að starfsemi félagsins sé í samræmi við þær reglur sem um starfsemi þess gilda og áhætta félagsins sé viðunandi. Skilvirk eftirlits- og upplýsingakerfi eru því mikilvæg, sérstaklega fyrir sjóði í rekstri félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjórn Summu Rekstrarfélags hf.

Stjórn Summu Rekstrarfélags hf. skipa þrír aðalmenn og tveir varamenn sem eru allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn.

Stjórn félagsins ber meginábyrgð á rekstri þess og fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði. Stjórn markar einnig félaginu stefnu og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum félagsins.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega. Auk stjórnar situr framkvæmdastjóri félagsins fundina utan að jafnaði einn fund á ári sem haldinn er án hans. Núverandi stjórn félagsins var endurkjörin 10. apríl 2019. Á árinu 2019 voru haldnir 9 stjórnarfundir. Allir fundir stjórnarinnar voru ákvörðunarbærir og mættu allir stjórnarmenn á alla fundi.

Árlega metur stjórn störf sín og gerir tillögur að úrbótum. Framkvæmdastjóri er ekki viðstaddur matið og stjórnarformaður vikor af fundi þegar stjórnarmenn leggja mat á frammistöðu hans. Matið í heild er svo tekið saman, tillögum stjórnar um úrbætur úthlutað til ábyrgðaraðila og verklokati skilgreindur fyrir hvern þátt um sig. Stjórnin hefur engar undirnefndir skipað, en það kemur til vegna smæðar félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar, nema ekki sé unnt að bíða án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tilkynnt tafarlaust um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum þess sem ekki eru falin öðrum skv. lögum nr. 161/2002 eða samþykktum félagsins. Stjórn hefur sett framkvæmdastjóra ítarlegt erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um skyldur hans.

Aðalmenn í stjórn og framkvæmdastjóri

Birgir Örn Arnarson, formaður

Birgir Örn Arnarson er fæddur 1.mars 1971. Hann hefur setið í stjórn félagsins frá 2018. Hann starfaði í áhættustýringu Kaupþings frá 1999 til 2008. Birgir var framkvæmdastjóri áhættustýringar Nýja Kaupþings frá október 2008 til mars 2009. Hann var einn stofnenda ráðgjafafyrirtækis Summu ehf. og starfaði þar til ársins 2011 auk þess sem hann var með lektorsstöðu í fjármálaverkfræði við Háskólann í Reykjavík.

Birgir starfaði sem Head of Market Risk Analytics á fjárfestingasviði Zurich Insurance Group í Zurich árin 2011-2014. Birgir hefur starfað við áhættustýringu hjá PayPal frá 2014 og sem Chief Risk Officer í PayPal EU frá 2017. Birgir var stjórnarmaður í Rekstrarfélagi Byrs frá 2010 til 2011, Okkar líftryggingum frá 2008 til 2009, og Rekstrarfélagi Kaupþings/Stefni til 2009. Birgir er með doktorspróf í fræðilegri aflfræði frá Cornell Universit.

Birgir er óháður stjórnarmaður og var kjörinn í stjórn Summu 4. apríl 2018. Birgir situr í stjórnnum nokkurra dótturfélaga PayPal í Evrópu sem halda utan um sölu og markaðsstarfsemi.

Tryggvi Björn Davíðsson, varaformaður

Tryggvi Björn Davíðsson, fæddur 1973, er með BSc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands 1998 og MSc. í fjármálafræðum frá Université des Sciences Sociales, Frakklandi (1999) og MBA gráðu frá INSEAD (2003). Hann hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum í Bretlandi og á Íslandi. Tryggvi starfaði samfleytt í 17 ár í fjármálageiranum, þar af í 7 ár hjá Barclays Capital í London og síðast sem framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka til ársins 2017. Tryggvi er annar stofnanda Indo, sem vinnur að nýsköpun í fjármálageiranum. Tryggvi er óháður stjórnarmaður og var kjörinn í stjórn Summu þann 4. apríl 2018. Tryggvi situr einnig í stjórnnum félaganna Indo services ehf. og Völlum Capital ehf.

Þórunn Helga Þórðardóttir

Þórunn Helga Þórðardóttir fædd 1984 útskrifaðist með meistaragráðu frá lagadeild Háskólans í Reykjavík í janúar 2010 og hlaut réttindi til málflytningu fyrir héraðsdómi 2012. Þórunn útskrifaðist auk þess með LL.M-gráðu frá lagadeild Columbia University vorið 2013. Þórunn er óháður stjórnarmaður og var kjörin í stjórn Summu 7. mars 2016.

Þórunn er varamaður í stjórnnum félaganna Cresco ehf. og Seabreeze Holdings ehf. og situr í stjórn námssjóðs Lögmannafélags Íslands.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Sigurgeir Tryggvason, framkvæmdastjóri

Sigurgeir Tryggvason er fæddur 1966 og hefur 18 ára starfsreynslu úr fjármálageiranum. Sigurgeir var forstöðumaður fasteigna- og verkefnafjármögnunar hjá Kaupþingi til 5 ára og sá síðar um verkefni á sviði fyrirtækjaráðgjafar. Sigurgeir var yfirmaður verkefnafjármögnunar hjá Norduráli 2009 til 2012 og sérfræðingur í lánagreiningu hjá áhættustýringu Arion banka frá 2012 þar til hann réðst til Summu Rekstrarfélags 2013. Sigurgeir er með þrjár meistaráræður; í stjórnun fjölþjóðlegra fyrirtækja frá Thunderbird, School of Global Management, MBA frá W.P. Carey, Arizona State University og í raforkuverkfræði frá háskólanum í Karlsruhe (TU). Þá er hann rafmagnsverkfræðingur frá Háskóla Íslands. Sigurgeir er virkur eigandi að 25% hlut í Summu Rekstrarfélagi líkt og fyrr greinir.

Dómsmál

Félagið hefur ekki gerst brotlegt um refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um verðbréfasjóði eða löggjöf um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, né heldur á félagið í dómsmáli eða öðrum ágreiningi við viðskiptamenn eða aðra.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Fundargerðir stjórnar Summu Rekstrarfélags hf. eru aðgengilegar hluthöfum í húsakynnum félagsins að Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík. Starfsreglur stjórnar má einnig nálgast í húsakynnum félagsins.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess sem hittast á hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári.

Á aðalfundum er farið yfir starfsemi félagsins og þar er hluthöfum heimilt að tjá sig um málefni félagsins og leggja fram spurningar til stjórnar og framkvæmdastjóra.

31. mars 2020

Stjórn Summu Rekstrarfélags hf.